

REGLUR um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga, skv. 83., 85., 86., 87., 89., 90. og 91. gr. laganna.

2. gr.

Tilvísanir.

Bein rafræn tenging: Tilvísanir í reglum þessum til beinnar rafrænnar tengingar skv. a-, b- og g-liðum 12. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til beins rafræns aðgangs skv. 86. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Hlítini við 48. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til hlítini við ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hlítini við 83.-89. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Myndun seljanleika skv. 2. mgr. 48. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til myndunar seljanleika í samræmi við 2. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til 84. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Starfsleyfi samkvæmt III. bálk MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til starfsleyfis í samræmi við III. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til starfsleyfis sem skipulegur markaður skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skyldur samkvæmt 47. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til skyldna sem um getur í b-, c- og e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til skyldna samkvæmt 78. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Reglugerð (ESB) 596/2014: Tilvísanir í reglum þessum til reglugerðar (ESB) 596/2014 skal skilja sem tilvísanir til laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Viðskiptavaki: Tilvísanir í reglum þessum til viðskiptavaka skv. 7. lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/65 skal skilja sem tilvísanir til viðskiptavaka skv. 67. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 168-185 og 210-215, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/584 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/588 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kerfi verðskrefa fyrir hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 78 frá 9. desember 2021, bls. 13-19, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/573 frá 6. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur til að tryggja að samhýsingarþjónusta og fyrirkomulag þóknana sé sanngjarnt og án mismununar.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 83. gr., 3. mgr. 85. gr., 4. mgr. 86. gr., 5 mgr. 87. gr., 2. mgr. 89. gr. 2. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 91. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 1421/2021 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.

Seðlabanka Íslands, 24. febrúar 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.